

Sp.

129. Tillaga til þingsályktunar

[81. mál]

um verðtryggingu á sparifé skólabarna.

Flm.: Alfreð Gíslason, Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún beini því til Landsbanka Íslands að hafa forgöngu um, að tekin verði upp verðtrygging á því fé, sem á vegum sparifjársöfnunar skólabarna er lagt inn á 10 ára innlánsbækur.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur farið fram söfnun á sparifé meðal skólabarna í barnaskólum landsins, og komst sú starfsemi á fót að frumkvæði Landsbankans, sem í öndverðu gaf öllum skólabörnum 10 kr. innstæðu í sparisjóðsbók og síðan jafnan sömu upphæð nýjum árgöngum barna, sem hófu skólagöngu.

Söfnun þessari hefur yfirleitt verið vel tekið af börnum og foreldrum, og kennarar barnaskólanna hafa lagt fram mjög mikla vinnu til að greiða fyrir henni. Sá megintilgangur starfsemi þessarar að temja börnum sparnað í stað þeirrar eyðslu-semi, sem ríkjandi hefur verið ekki síður meðal barna en fullorðinna nú um skeið, er og almennt talinn réttur og allra góðra gjalda verður.

En þróun síðustu ára að því er varðar gildi peninga hefur öll verið slík, að sparifjáreigendur hafa galdið mikið afhroð á eignum sínum. Sú reynsla stendur sparifjársöfnun skólabarna mjög fyrir þrifum.

Kennarar, sem afgangið sparimerki til barnanna, vita að vísu, að sparifé er barni betri eign en sælgæti eða goddrykkir. En þó er það alls ekki óblandin ánægja að taka á móti fé barnanna, því að fortíðin skapar ugg um, að barninu verði síðar fengnar verðminni krónur en það lagði fram. Foreldrar og aðrir aðstandendur barnanna finna einnig til þessa, og börnin fá ekki þá hvatningu til sparifjársöfnunar, sem annars væri eðlileg.

Nú, þegar verðtrygging sparifjár er hafin, verður að teljast eðlilegt, að hún sé öllu öðru fremur látin ná til sparifjársöfnunar skólabarna eða að minnsta kosti þess hluta hennar, sem bundinn er til langs tíma, og því er hér lögð áherzla á, að allt það fé, sem sparifjársöfnun skólabarna skilar í innlánsstofnanir og bundið er sem 10 ára innstæður, njóti verðtryggingar. Er ekki vafi á, að slík ákvörðun mundi gera starfsemi þessa alla ánægjulegri og auka árangur hennar til stórra muna.